

Að mála múrklæðningu (einangrun utan frá) með síloxan/steinsílan akrýlmálningu



sikkens

Val á efnum

Múrklæðningu skal ætíð mála með síloxan akrýlmálningu (Murtex Siloxane eða Alphaloxan Flex). Slík málning býr yfir einstökum öndunareiginleikum en nauðsynlegt er að máluð múrklæðning geti „andað“. Málning sem er of lokuð getur valdið rakapéttingu í einangrun undir múrklæðningu sem síðan frýs á vetrum og sprengir af sér múrklæðninguna í kjölfarið.

Nýmálun

1. Tryggið að múrklæðningin sé þurr og laus við ryk, fitu, myglu og önnur óhreinindi. Sumar tegundir af múrklæðningu þurfa hafa staðið í allt að 1 ár fyrir málun. Gerið við sprungur og skemmdir með Husrep eða sambærilegum sements- og trefjafylltum viðgerðarefnum.
2. Á hefðbundna múrhúð er ráðlagt að bera Murtex Waterproof eða Mur-Silan (mónósílan) vatnsvörn. Látið þorna í a.m.k. 48 klst. Sílandið dregur úr hárpípusogi vatns í steypu.
3. Grunnið síðan eftir þörfum með Alpha Primer Exterior (hvítur grunnur), þynntum um 10-15% af vatni eða Professional Microdispers (glær grunnur). Á mjög gljúpa og duftsmítandi fleti skal nota Professional Microdispers.
4. Vatnsbretti og lítið hallandi fleti skal mála 2-3 umferðir af ONE Super Tech. Málið aðeins út á lóðréttan flöt til að mynda „hatt“ sem varnar því að vatn skríði undir málningarfilmunum.
5. Málið loks 2 umferðir með síloxan málningu, annað hvort Murtex Siloxane eða Alphaloxan Flex, sem er teygjanleg síloxan málning.
6. Á netsprungna múrklæðningu skal nota Alphaloxan Flex (eitt og sér – ekki með Murtex Siloxane).

Endurmálun

1. Tryggið að múrklæðningin sé þurr og laus við ryk, fitu, myglu og önnur óhreinindi. Fjarlægið umferðarsót með Málartvätt og vatni. Látið þorna. Fjarlægið lausa málningu með skröpun eða léttum háprýstipvotti.
2. Gerið við skemmdir með Husrep eða sambærilegum sements- og trefjafylltum viðgerðarefnum.
3. Grunnið bera fleti með Alpha Primer Exterior (hvítur grunnur), þynntum með vatni um 10-15%.
4. Vatnsbretti og lítið hallandi fleti skal mála 2-3 umferðir með ONE Super Tech, sbr. nýmálun að ofan.
5. Málið loks 2 umferðir með síloxan málningu, annað hvort Murtex Siloxane eða Alphaloxan Flex, sem er teygjanleg síloxan málning.
7. Á netsprungna múrklæðningu skal nota Alphaloxan Flex (eitt og sér – ekki með Murtex Siloxane).

***Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.**

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Yfirmálun:

Mur-Silan 48 klst

Alpha Aquafix Opaque 6 klst

Professional Microdispers 3-4 klst

Alphacoat 8-12 klst

Murtex Siloxane og Alphaloxan Flex 8-12 klst

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur. Notið ekki sömu verkfæri í Mur-Silan og í málninguna

Þekja:

Mur-Silan 4-5 m²/l

Alpha Primer Exterior 10-12 m²/l

Professional Microdispers 8-10 m²/l

Alphacoat 4-5 m²/l

Murtex Siloxane og Alphaloxan Flex 7-9 m²/l

Hreinsun: Vatn



SÉREFNI

Dalvegi 32b, 201 Kópavogi | sími 517 0404 | serefni.is